

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir St. Jósefsspítala, Reykjavík,
sem staðfest var 20. janúar 1998, nr. 63.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Eignir stofnunarinnar eru 72% hlutur í Ægisgötu 26, Reykjavík og handbært fé kr. 97.008.853 og aðrar þær eignir, sem hún síðar kann að eignast fyrir gjöf eða á annan hátt.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Tilgangur stofnunarinnar er að styðja vísindarannsóknir í öldrunarfræðum, með því að veita fé til Jósefsseturs, Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum og efla rannsóknarstofuna samkvæmt markmiðum hennar í stofnskrá. Er stjórn stofnunarinnar heimilt að styrkja hvert það verkefni, sem hún telur efla og gagnast rannsóknarstofunni. Að jafnaði eru verkefni utan rannsóknarstofunnar ekki styrkt.

Heimilt er að selja fasteignir, sem stofnunin á eða kann að eignast, enda verði andvirði þeirra varið í samræmi við skipulagsskrá þessa.

Þá mun stofnunin annast rekstur annarra sjóða, sem henni kann að verða falinn.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Gangi maður úr stjórninni tilnefnir stjórnin mann í hans stað.

4. gr.

7. gr. orðist svo:

Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir St. Jósefsspítala, Reykjavík, staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 22. janúar 2010.

Ríkarður Mátsson.

Helgi Már Ólafsson.